



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ársskýrsla
2019-20



Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur	4
2. Starfsemi.....	8
3. Fræðslustarf	14
4. Markaðs- og kynningarmál.....	18
5. Mannauðsmál	21
6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2019/20	24
7. Tónleikar starfsárið 2019/20	28
8. Tónleikum aflýst og frestað starfsárið 2019/20.....	40
9. Hljóðritanir og hljómdiskar.....	42
10. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu.....	45
11. Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2019/20	50
12. Fjöldi tónleikagesta	55

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2019/20 var 70 ára afmælisstarfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Alls lék hljómsveitin á 91 tónleikum á starfsárinu, auk þess að standa fyrir 39 öðrum viðburðum í tengslum við starfsemina. Um 64.010 gestir sóttu tónleika hljómsveitarinnar sem flutti 168 minni og stærri verk auk 55 verka sem flutt voru á kammertónleikum á vegum sveitarinnar.

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrarkostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%. Sértekjur hljómsveitarinnar koma fyrst og fremst frá miðasölu, tónleikabóknum og styrkjum.

Stjórn

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára frá 1. ágúst 2019. Stjórnina skipa Sigurbjörn Þorkelsson, formaður, skipaður án tilnefningar, Herdís Þórðardóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar, Friðjón R. Friðjónsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Oddný Sturludóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg og Hávarður Tryggvason, fulltrúi SMFSÍ. Varamenn eru Axel B. Stefánsson, skipaður án tilnefningar, Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar, Þráinn Árni Baldvinsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, Ólöf Þorvarðsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ og Guðrún Inga Torfadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Á starfsárinu hélt stjórn hljómsveitarinnar tíu stjórnarfundi.

Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar hefur gengið vel síðustu fimm fjárhagsár, áætlanagerð hefur að mestu staðist

og er stofnunin skuldlaus við ríkissjóð. Stefna hljómsveitarinnar hefur verið að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi með því að fara í tónleikaferðir út fyrir landsteinana, efla samtal sitt við íslensku þjóðina með tónleikaferðum innanlands, streymi frá tónleikum og útsendingum í samstarfi við RÚV. Hljómsveitinni er mikilvægt að kynna sig og íslenska menningu hér heima og erlendis. Ljóst er að alþjóðleg eftirspurn eftir hljómsveitinni hefur aukist gríðarlega og tækifærum til tónleikaferða hefur fjölgað. Á starfsárinu var farið í tvær tónleikaferðir til útlanda, til Þýskalands og Austurríkis í nóvember 2019 og til Bretlands í febrúar 2020. Það er ekki síður mikilvægt að hljómsveitin efli tengsl sín við þjóðina og í stefnumótunarvinnu á starfsárinu mótuðust áætlanir næstu ára er það varðar.

Hefðbundið tónleikahald Sinfóníuhljómsveitar Íslands lá að mestu niðri frá því að samkomutakmarkanir tóku gildi á Íslandi 15. mars. Hljómsveitin brást hinsvegar strax við með því að aðlaga viðburðahald að aðstæðum hverju sinni í faraldrinum. Hljóðfæraleikarar komu fram í beinum myndstreytum í smærri hópum, opnuðu heimili sín og fluttu landsmönnum heimsendingar, eldri upptökur úr safni SÍ frá tónleikum sem unnar voru til birtingar í sjónvarpi. Minni hópar ferðuðust um höfuðborgarsvæðið og léku utandyra fyrir íbúa hjúkrunarheimila og beinar útsendingar voru í sjónvarpi frá fernum tónleikum sem töluðu til ólíkra markhópa.

Sinfóníuhljómsveit Íslands náði því markmiði sínu að halda starfsemi sinni gangandi í breyttri mynd og miðla menningu hér heima og erlendis.

Aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi

Aðalstjórnandi 2018/19 var Yan Pascal Tortelier og lauk þar með þriggja ára samningi hans við hljómsveitina. Hljómsveitin fór með Tortelier í tónleikaferð til Bretlands í febrúar og hélt átta tónleika í mörgum helstu tónleikahúsum Bretlands. Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen var ráðin í stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hóf hún störf í ágúst 2020. Eva stjórnaði tvennum tónleikum með hljómsveitinni á starfsárinu, þar á meðal 70 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar í mars 2020.

Ollikainen er ráðin til fjögurra ára og mun stjórna hljómsveitinni að jafnaði í átta vikur á hverju starfsári. Auk þess mun hún stýra hljómsveitinni á fyrirhuguðum tónleikaferðum innanlands sem utan. Eva Ollikainen hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim fyrir innblásna hljómsveitarstjórn. Hún nam hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam í Sibeliusar-akadémiunni. Ollikainen hefur m.a. stjórnað Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola- sinfóníettunni og sinfóníuhljómsveitunum í Helsingborg, Lahti, Berlín og Vín. Hún stjórnaði SÍ fyrst haustið 2005 og þrisvar á áskriftartónleikum á árunum 2007-10, og nú síðast tvennum tónleikum í Hörpu 2019.

Aðalgestastjórnandi

Aðalgestastjórnandi starfsársins 2019/20 var Daníel Bjarnason. Daníel stjórnaði þrennum tónleikum í Eldborg og stjórnaði hljómsveitinni einnig á tónleikaferðalagi hennar til Þýskalands og Austurríkis í nóvember 2019.

Aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar og spannar samstarf hans við hljómsveitina meira en hálfu öld. Ashkenazy hefur stjórnað hljómsveitinni í öllum helstu meistaraverkum tónbókmenntanna og í nóvember 2018 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Japans undir hans stjórn þar sem leikið var á 12 tónleikum fyrir tæplega 24.000 gesti. Í janúar 2020 tilkynnti Ashkenazy að hann hefði ákveðið að draga sig í hlé frá öllu tónleikahaldi.

Staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld hljómsveitarinnar en hún tók við stöðunni um mitt starfsár 2017/18. Anna gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til flutnings fyrir SÍ, situr hún í verkefnavalsnefnd og er í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju sem miðar að því að veita ungum tónskáldum reynslu í að semja fyrir hljómsveit. Yrkja er unnin í samstarfi við Tónverkamiðstöð.

Anna ferðaðist með hljómsveitinni á tónleikaferð hennar um Bretlands í febrúar 2020 þar sem hún hélt tónleikakynningu í samstarfi við breska tónlistarfræðinginn Jonathan James. Þar fjallaði hún sérstaklega um verk sitt Aeriality sem flutt var á öllum tónleikum hljómsveitarinnar í ferðinni. Verkið var einnig flutt á tónleikum í tónleikaferð hljómsveitarinnar til Þýskalands og Austurríkis. Fyrirhugað var að flytja verkið AION eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur í samstarfi við Íslenska dansflokkinn í apríl 2020, en því miður þurfti að fresta flutningi verksins um óákveðinn tíma.

Aðstoðarhljómsveitarstjóri

Bjarni Frímann Bjarnason hóf á starfsárinu sitt annað ár sem aðstoðarhljómsveitarstjóri. Hann gegnir mikilvægu hlutverki og tekur að sér stór og minni verkefni, fyrst og fremst á stjórnendapallinum, en einnig í öðru listrænu starfi hljómsveitarinnar svo sem í verkefnavalsnefnd. Bjarni Frímann stjórnaði 15 tónleikum og einni hljóðupptöku á starfsárinu.

Heiðursstjórnandi

Osmo Vänskä er heiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. Hann er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur og var aðalstjórnandi á árunum 1993-96, aðalgeststjórnandi frá 2014-19 og var einnig útnefndur heiðursstjórnandi árið árið 2017. Osmo átti að stjórna tónleikum í mars 2020 en þeir féllu því miður niður vegna heimsfaraldursins.

Framkvæmdastjóri

Lára Sóley Jóhannsdóttir tók í byrjun starfsársins 2019/20 við af Örnú Kristínu Einarsdóttur sem framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar. Lára er ráðin af stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands til fjögurra ára.



2. Starfsemi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt á starfsárinu alls 91 tónleika hér heima og erlendis, auk þess að standa fyrir öðrum tengdum viðburðum s.s. tónleikakynningum, opnum æfingum og streymistónleikum *Heima í Hörpu* og voru þeir viðburðir samtals 39 talsins. Fjölbreytni einkenndi verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2019/20. Tónlistin sem flutt var spannaði breitt svið í tíma, stærð hljómsveitar, stíl og uppruna.

Barokktónlist fékk óvenju mikið vægi haustið 2019, en alls voru þrennir tónleikar helgaðir slíkri tónlist. Íslensk tónlist átti stóran sess á efnisskrám hljómsveitarinnar. Þar hljómuðu eldri verk sem sjaldan heyrast og má jafnvel segja að hafi verið grafin úr gleymsku (Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar eftir Pál Ísólffson og Hjakk eftir Atla Heimi Sveinsson), og ný verk sem hljómuðu í fyrsta sinn, til dæmis Konsert fyrir hljómsveit eftir Snorra Sigfús Birgisson og harmóníkukonsert eftir Huga Guðmundsson. Á 70 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar, í mars 2020, var sinfónía nr. 1 eftir Gustav Mahler flutt fyrir fullum sal undir stjórn Evu Ollikainen. Tónleikunum var einnig streymt beint í mynd á vef SÍ og þeir sendir út á Rás 1. Í tengslum við afmælið var ljósmyndasýning sem sýndi myndir frá síðustu sjö áratugum í starfi sveitarinnar sett upp í Hörpu.

Að öðru leyti markaðist starfsárið og efnisval einnig nokkuð af tveimur utanlandsferðum hljómsveitarinnar, til Austurríkis/Þýskalands og Bretlands. Verkefnaval á tónleikaferðum fer fram í samráði við viðkomandi tónleikastaði og hljómsveitarstjóra. Í báðum ferðum var mikil áhersla lögð á að kynna íslenska og norræna tónlist, ekki síst

verkið *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur staðartónskáld hljómsveitarinnar og píanókonsertinn *Processions* eftir Daníel Bjarnason, aðalgestastjórnanda.

Tónleikaferðin til Þýskalands og Austurríkis var farin í nóvember 2019 undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Tónleikasalirnir sem leikið var í voru með þeim fremstu í viðkomandi löndum: Großes Festspielhaus í Salzburg, Konzerthaus í Berlín og Herkulessaal í München. Hljómsveitin lék fyrir tæplega 10.000 tónleikagesti á fimm tónleikum í þremur borgum. Var þetta í fyrsta sinn sem lagt var í tónleikaferð með íslenskan hljómsveitarstjóra og íslenskan einleikara í fararbroddi, ásamt því að tvö íslensk tónverk voru í lykilhlutverki. Einleikarar voru Víkingur Heiðar Ólafsson, sem var þá jafnframt staðarlistamaður í Konzerthaus, og króatíski hornleikarinn Radovan Vlatković, einn fremsti hornleikari samtímans.

Í febrúar 2020 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Bretlands undir stjórn hljómsveitarstjórans Yan Pascal Tortelier sem hafði þá nýverið látið af stöðu aðalhljómsveitarstjóra. Þetta var fyrsta tónleikaferð hljómsveitarinnar til Bretlands en áður hafði hún haldið eina tónleika í London á Proms-tónlistarhátíð BBC árið 2014. Tónleikar hljómsveitarinnar voru alls átta talsins og lék hún í nokkrum fremstu tónleikahúsum Bretlands, m.a. Symphony Hall í Birmingham, Usher Hall í Edinborg og Cadogan Hall í Lundúnum. Með í för voru tveir heimskunnir píanóleikarar, þau Jean-Efflam Bavouzet og Yeol Eum Son, sem skiptust á að flytja píanókonsert Ravels. Einnig lék hljómsveitin *L'Arlesienne*-svítuna eftir Bizet og sinfóníu nr. 1 eftir Sibelius. Anna Þorvaldsdóttir, staðartónskáld var með í för en verk hennar *Aeriality*



var flutt á öllum tónleikum ferðarinnar og tók Anna þátt í kynningum fyrir tónleika. Hljómsveitin fékk frábærar móttökur í Bretlandi og fengu tónleikarnir í Edinborg m.a. fimm stjórnur í The Herald og fjórar stjórnur í The Scotsman.

Hópfærðir Vinafélagsins

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands stóð fyrir hópfærðum á báðar tónleikaferðir hljómsveitarinnar. Ferðirnar mæltust vel fyrir og fóru 19 félagar í Konzerthauz í Berlin og 25 félagar á tónleika hljómsveitarinnar í Usher Hall í Edinborg. Vinafélagið stóð fyrir ferðunum í samstarfi við ferðaskrifstofuna Reykjavík Culture Travel..

Tónleikaferðir innanlands

Í byrjun september var farið í tvær stuttar tónleikaferðir innanlands. Annarsvegar í Reykjanesbæ og hins vegar til Ísafjarðar. Á báðum stöðum var unnið með einleikurum eða einsöngvurum úr heimabæ. Á Ísafirði voru auk þess haldnir sérstakir fjölskyldutónleikar og í Reykjanesbæ voru dvalarheimili sótt heim.

Áskriftaraðir

Áskriftaraðir SÍ voru skipulagðar með svipuðu móti og undanfarin ár en vegna faraldursins sem skall á í mars þurfti að aflýsa eða fresta alls 17 tónleikum. Margir framúrskarandi innlendir og erlendir listamenn komu þó fram á áskriftartónleikum starfsársins og má þar nefna hljómsveitarstjóra á boð við Hannu Lintu, Han-Na Chang, Matthew Halls og heiðursstjórnanda SÍ, Osmo Vänskä en hann stjórnaði hljómsveitinni á tvennum eftirminnilegum tónleikum. Eva Ollikainen verðandi aðalhljómsveitarstjóri stýrði 70 afmælistónleikum SÍ eins og fyrr segir.

Meðal glæsilegra innlendra og erlendra einleikara, má nefna, auk þeirra sem þegar eru taldir, píanó-

Tegund	Tónleikar	Endurtekning	Samtals
Rauð tónleikaröð	5	1	6
Gul tónleikaröð	4	0	4
Græn tónleikaröð	4	3	7
Litli tónsprotinn	2	3	5
Föstudagsröðin	1	0	1
Tónleikar utan raða	14	2	16
Ballettsýning	1	2	3
Skólatónleikar	3	3	6
Tónleikar fyrir eldri borgara	1	0	1
	35	14	49

leikararana Stephen Hough og Olga Kern og fiðluleikararana Augustin Hadelich, Matthew Truscott og Benjamin Beilman.

Tónleikar utan raða voru fleiri á þessu starfsári en venjan er þar sem hljómsveitin lék fjölda tónleika í tónleikaferðum innanlands og utan, auk þess bættust við sérstakir sjónvarps- og streymistónleikar á vormánuðum þegar heimsfaraldurinn setti strik í hefðbundna dagskrá hljómsveitarinnar.

Samstarfstónleikar

Á *Menningarnótt í Reykjavík* hélt hljómsveitin tvenna tónleika fyrir opnu húsi í Eldborg, líkt og endranær. Á fjölskyldutónleikunum var leikið tónlistarævintýrið „Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina“ eftir Hallfríði Ólafsdóttur og á síðdegistónleikum voru Maraþontónleikar þar sem efnisskráin var sniðin að Reykjavíkurmaraþoninu sem fram fór sama dag. Klassíkin okkar, sjónvarpstónleikar í beinni útsendingu undir stjórn Daníels Bjarnasonar í samvinnu við RÚV, voru á sínum stað í upphafi starfsárs. Fram komu: Arngunnur Árnadóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir, Elmar Gilbertsson, Hallveig Rúnarsdóttir, Hljómeyki, Mótettukór Hallgrímskirkju og Söngsveitin Fílharmónía. Kynnar voru Guðni Tómasson og Halla Oddný Magnúsdóttir. Þemað að þessu sinni var „Tónlistarsagan þín“.

Í nóvember 2019 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Svanavatninu. Þetta var sjötta árið í röð sem efnt var til slíks samstarfs við *Hörpu* og að þessu sinni voru sýningarnar þrjár.

Daníel Bjarnason stjórnaði tónleikum á *Myrkum músíkdögum* þar sem flutt voru verk eftir fjögur íslensk tónskáld ásamt verki eftir Missy Mazoli. Yrkja, samstarfsverkefni *Tónverkamiðstöðvar* og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fór fram í fimmta sinn. Tvö ung tónskáld voru valin til þátttöku, þau Eygló Höskuldsdóttir Viborg og Sigurður Árni Jónsson, og unnu þau í samstarfi við hljómsveitina undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds. Verkin þeirra voru flutt á Uppskerutónleikum á Myrku músíkdögum.

Tvennum fyrirhuguðum samstarfsverkefnum þurfi að fresta um óákveðinn tíma vegna Covid. Annars vegar *AIÖN* í samstarfi við *Íslenska dansflokkinn* og hins vegar *Valkyrju Wagners* í samstarfi við *Íslensku Óperuna* og *Listahátíð í Reykjavík*.

Dagskrá í samkomutakmörkunum

Þær samkomutakmarkanir sem fyrst voru settar á í mars 2020 settu hefðbundið tónleikahald Sinfóníuhljómsveitar Íslands úr skorðum. Hljómsveitin brást strax við með fjölbreyttu tónleikahaldi í streymi á vefnum og hefur síðan lagað sig að aðstæðum hverju sinni með margvíslegri miðlun tónlistar, bæði með smærri tónleikum og fjölbreyttri dagskrá í sjónvarpi og útvarpi, á vef og samfélagsmiðlum. Flestir tónleikanna voru án gesta en einnig var leikið fyrir færri gesti í sal eftir því sem fjöldatakmarkanir leyfðu.

Heimsendingar: Upptökur þar sem einstaka hljóðfæraleikarar spila heima hjá sér voru birtar samfélagsmiðlum hljómsveitarinnar, Facebook og Instagram.

Heima í Hörpu: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa og Íslenska óperan tóku höndum saman og buðu upp á lifandi tónlistarstreymi úr Eldborg flesta morgna á fyrstu vikum samkomubannsins. Tónleikunum var streymt á Facebook-síðu Hörpu og Sinfóníunnar, menningarvef RÚV og á RÚV 2. Sinfóníuhljómsveit Íslands sendi frá sér 15 streymistónleika á tímabilinu 23. mars – 29. apríl 2020.

Hádegistónleikar í Hörpuhorni: Með rýmkuðum samkomutakmörkunum í maí 2020 var blásið til ókeypiss hádegistónleika í Hörpuhorni með fjölbreyttri og lifandi efnisskrá þar sem hljóðfæraleikarar léku kammertónlist fyrir takmarkaðan fjölda áheyrenda. Haldnir voru fernir hádegistónleikar í Hörpuhorni í vikunni 10.-16. maí og komu alls 368 gesti, ásamt því að blásar og slagverksleikarar léku untandyra fyrir framan fyrirtæki og stofnanir.

Skólatónleikar í Streymi: Þegar leið á vorið var unnt að halda tónleika í Eldborg og 7. maí voru haldnir skólatónleikar með gestum í sal. Tónleikunum einnig streymt í hljóði og mynd til skóla um land allt. Menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, ávarpaði nemendur nær og fjær í upphafi tónleika.

Sjónvarpstónleikar í samstarfi við RÚV:

Sinfóníuhljómsveitin framleiddi á starfsárinu, í samstarfi við Stúdío Sýrland og RÚV, þrenna sérstaka sjónvarpstónleika sem sýndir voru í beinni útsendingu á RÚV og streymt á netinu. Reynt var að hafa efnisvalið fjölbreytt svo að það höfðaði til sem flestra. Á þessum tónleikum öllum var unnt að vera með einhverja áheyrendur í sal, flesta á tónleikum 4. júní.

- Hallveig Rúnarsdóttir og Sinfóníuhljómsveit Íslands 14. maí, stjórnandi Bjarni Frímánn Bjarnason
- Páll Óskar Hjálmtýsson og Sinfó 28. maí, stjórnandi Bjarni Frímánn Bjarnason
- Víkingur Heiðar Ólafsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands 4. júní, stjórnandi Daníel Bjarnason

Útgáfur

Sú áhersla sem lögð er á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar hefur vakið athygli víða, síðast með hljómdiskinum *Concurrence* sem kom út á starfsárinu og fékk fyrirtaks umsögn í því virta blaði *Gramophone*. Diskurinn var valin Plata ársins 2019 á Íslensku tónlistarverðlaununum í flokknum Sígild- og samtímatónlist en auk þess eru Sinfóníuhljómsveit Íslands og Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri tilnefnd fyrir diskinn til hina virtu Grammy-verðlauna í flokknum Besti hljómsveitarflutningur (Best orchestral performance). *The New York Times* valdi diskinn einn af 25 bestu klassísku útgáfum ársins og bandaríska útvarpsstöðin NPR valdi hann sömuleiðis sem einn af tíu bestu útgáfum ársins. Í umsögninni segir meðal annars: „Eyríkið Ísland er, þrátt fyrir smæð sína, risi á sviði klassískrar tónlistar.“

Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2019, sem flytjandi ársins og fyrir plötu ársins fyrir *Concurrence*. Hljómsveitin var tilnefnd sem flytjandi ársins fyrir hljóðritanir og útgáfur á árinu ásamt tónleikum og tónleikaferð hljómsveitarinnar til Þýskalands og Austurríkis með Daníel Bjarnasyni, aðalgestastjórnanda Sinfóníunnar, og Víkingi Heiðari Ólafssyni. Tónleikar hljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum undir stjórn Daníels Bjarnasonar voru tilnefndir sem viðburður ársins í sígildri- og samtímatónlist en á tónleikunum frumflutti hljómsveitin m.a. *Crevace*, konsert fyrir flautu og fagott eftir Pál Ragnar Pálsson sem er tilnefnt sem tónverk ársins ásamt *Lendh* eftir Veronique Vöku sem einnig var frumflutt á tónleikunum.

Þess má geta að á síðustu fimmtán árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið inn á yfir 30 hljómdiska sem flestir hafa komið út hjá alþjóðlegum forlögum og hlotið umfjöllun og lof víða um heim. Þannig nær hljómsveitin til stærri hlustendahóps en gæti nokkru sinni rúmast í Hörpu eða öðrum þeim söllum sem hún leikur í.

Sú tónlist sem gefin hefur verið út síðustu ár er af einkar fjölbreyttum toga: Anna Þorvaldsdóttir, Daníel Bjarnason og Jón Leifs, svo dæmi séu tekin, en einnig Skálmöld og Páll Óskar. Sé Sinfóníuhljómsveit Íslands borin saman við sambærilegar sveitir í öðrum löndum sker hún sig úr fyrir fjölbreytni verkefna, og þannig nær hún líka til breiðari hóps hlustenda en ella. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur allt frá fyrsta degi verið þjóðarhljómsveit og forráðamenn hennar meðvitaðir um nauðsyn þess að ná til sem flestra – með ýmsum hætti. Samstarf við Ríkisútvarpið hófst þegar með fyrstu tónleikum hennar, sem voru hljóðritaðir en raunar ekki sendir út beint.





3. Fræðslustarf

Fræðslustarf hljómsveitarinnar er lifandi og í stöðugri mótun. Börn eru í auknum mæli höfð með við ákvarðanatöku á efnisvali á tónleikum skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og einnig er unnið markvisst að því að ráðningar listamanna endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Í tónleikaröð fjölskyldunnar, Litla tónsprotanum, er leitast við að vekja áhuga og forvitni jafnt innan salar sem utan og sérstök áhersla var lögð á samvinnu við tónlistarnema af landsbyggðinni.

Barnastundir hljómsveitarinnar fyrir allra yngstu hlustendurna í Norðurljóssasal njóta áfram vinsælda. Sýnir aðsókn á stundirnar að mikil eftirspurn er eftir vandaðri tónlistardagskrá fyrir þennan aldurshóp. Tvennum skólatónleikum var streymt til skóla um land allt, tónleikum fyrir miðstig þar sem samvinna var við nemendur frá Héraði og tónleikum fyrir leikskóla og yngstu börn grunnskóla.

Hljómsveitin lék á fjölskyldutónleikum á Ísafirði í samvinnu við kóra og listamenn fyrir vestan og Tónlistarskóla Ísafjarðar. Vegna utanlandsferða hljómsveitarinnar voru færri skólatónleikar í boði en í meðalári. Vegna Covid-19 þurfti að fella niður tvö tónsprotatónleika og hverfatónleika fyrir nemendur í Breiðholti og Grafarvog.

Áframhaldandi samstarf var við Félag heyrnarlausra og Hugarafli og hlupu og léku meðlimir hljómsveitarinnar til góðs fyrir Hugarafli í Reykjavíkummarþöni. Verið er að leggja grunn að samstarfi við Blindrafélagið. Fræðslustjóri var með kynningar um starf hljómsveitarinnar fyrir minni og stærri skólahópa af landsbyggðinni og á

höfuðborgarsvæðinu auk erlendra skiptinema. Í september 2019, á 10 ára afmæli Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, lék Ungsveitin undir stjórn Daniels Raiskin Níundu sinfóníu Beethovens. Tæplega 300 tónlistarmenn tóku þátt í afmælisverkefninu sem var hið glæsilegasta. Eliza Reid forsetafrú gerðist verndari Ungsveitarinnar á afmælisárinu og af því tilefni heimsótti hún Ungsveitina á æfingu og var viðstödd tónleikana. Sökum heimsfaraldursins voru prufuspil til Ungsveitar SÍ 2020 rafræn í þeim deildum þar sem umsóknir voru fleiri en sæti sem í boði voru. Þótt Ungsveitarnámskeiðinu sjálfu þyrfti að fresta um ár tókst að halda eina raddæfingu að vori fyrir Ungsveitarmedlimi.

Skólatónleikar og fræðslustarf

Tegund	Tónleikar	Endurtekning	Samtals	Gestir
Leik- og grunnskólatónleikar	2	5	7	6018
Skólatónleikar úti á landi	1	0	1	600
Skólahópar/Starfskynningar				96
Ungsveitarnámskeið				70
Samtals				6.784



Samfélagsverkefni fengu aukna áherslu á starfsárinu og í byrjun þess var leikið í svokallaðri samfélagsbrú á Suðurnesjum þar sem dvalarheimili og Rauði krossinn voru sótt heim. Leikið var á dvalarheimilum, dægra-dvölum og öðrum stofnunum á höfuðborgarsvæðinu á haustmánuðum. Í maí var verkefninu Tónlist á torgum ýtt úr vör þar sem blásarar og slagverksleikarar léku utandyra fyrir framvarðasveitir í Covid-baráttunni. Á sama tíma léku strengjahópar úr hljómsveitinni fyrir takmarkaðan gestafjölda á hádegistónleikum í Hörpuhorni.

Ungir einleikarar, árviss keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara sem unnin er í samvinnu við LHÍ, tókst vel og áframhaldandi samstarf var við Skólahljómsveit Austurbæjar.

Upptökur á vormánuðum voru á völdum köflum úr Dimmalimm eftir Atla Heimi Sveinsson og langþráð upptaka á ævintýrinu um Tobba túbu.

Tónleikakynningar fyrir áskriftartónleika hljómsveitarinnar, í samvinnu við Vínafélag SÍ, er upptaktur margra tónleikagesta að tónleikum sveitarinnar. Umsjón með kynningum höfðu Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri, Sigurður Ingvi Snorrason, klarínnettuleikari og Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent á Árnastofnun. Haldnar voru 12 kynningar.



4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2019/20 var 63.960 og er það um 39,8% samdráttur í fjölda gesta frá fyrra starfsári (eru þá taldir gestir á öllum tónleikum hljómsveitarinnar heima og erlendis, ásamt skólatónleikum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum -sjá töflu bls. 53). Samdrátturinn skýrist af því að fella þurfti niður fjölda tónleika á vormánuðum vegna Covid.

Sala áskrifta fór mjög vel af stað í upphafi starfsárs og var hún á pari við starfsárið á undan en samtals seldust 20.430 miðar. Heildarfjöldi seldra miða í lok starfsársins var hinsvegar um 33.226 sem er um 50% samdráttur en það skýrist einnig af því að fella þurfti niður tónleika og endurgreiða og bakfæra miða.


Starfsárið var sérstaklega kynnt með útgáfu bæklinga og auglýsingum á fjölbreyttum miðlum þar sem áhersla var lögð á sölu áskrifta og Regnbogakorta. Áfram var unnið með rafræna markaðssetningu líkt og síðustu ár og auglýsingar birtar á netinu í auknum mæli.

Hljómsveitin lék fyrir tæplega 15 þúsund gesti erlendis í tveimur tónleikaferðum. Óhætt er að segja að báðar ferðirnar hafi fengið gríðarmikla athygli í fjölmiðlum ytra. Bæði var umfjöllun um hljómsveitna í erlendum miðlum og fjöldi virtra fjölmiðla birti gagnrýni um tónleikana.

Vegna faraldursins var ákveðið að auka framleiðslu og birtingu á fjölbreyttu og áhugaverðu efni á samfélagsmiðlum til að halda sýnileika hljómsveitarinnar sem mestum þrátt fyrir samkomubann. Auk útsendinga í útvarpi, sjónvarpi og myndstreymis frá tónleikum í

Eldborg var birtur fjöldi stuttra „Heimsendinga“ í formi myndbanda sem unnin voru af markaðsdeild. Heimsendingarnar voru örtónleikar sem hljómsveitar-meðlimir héldu heima hjá sér og deilt var með landsmönnum á samfélagsmiðlum Sí. Heimsendingarnar vöktu mikla lukku og athygli á samfélagsmiðlum og í öðrum fjölmiðlum. Heildaráhorf voru um 600.000 og deilingar og like um 60.000. Mest horfðu 136.000 á eitt myndband en að meðaltali voru um 25.000 áhorf á hvert myndband. Fyrsta Heimsendingin fór í loftið stuttu eftir samkomubann eða þann 17. mars. Gagnvirkni á samfélagsmiðlum hljómsveitarinnar hefur aukist mikið á tímum Covid. Meðal snertingar (engagements) á dag hafa farið úr 3.300 í 7.600 á Facebook.

Fjöldi tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19	19/20
Heildarsala	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001	33.226
Utan áskriftar	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062	xxx
- Innan áskriftar	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932	xxx
Hlutfall áskrifta	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%	xxx%

Í venjulegu árferði hefði hljómsveitin kynnt komandi starfsár 2020/21 og hafið endurnýjun og sölu áskrifta í maí. Vegna óvissunnar var því frestað fram á næsta starfsár.

Þrátt fyrir faraldurinn og samdrátt í tónleikahaldi mældist ímynd Sí óbreytt á milli ára í vörumerkjumælingu Gallup á sama tíma og skýrsluhöfundar benda á að almennt hafi verið lækun á ímynd vörumerkja á þessum markaði.

Samfélagsmiðill	Aukning	2019/20	Fylgjendur
Fréttabréf	+56%	+2%	10.907
Facebook	+20%	+10%	14.972
Twitter	+14%	+25%	2.565
Instagram	+31%	+45%	3.505
Spotify	+33%	+45%	3.422
Youtube	+77%	+237%	30.209





5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2019/20 störfuðu um 109 fastir starfsmenn hjá stofnunni og fékk hljómsveitin um 74 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig það starfsár. Haldin voru 2 hæfnispróf á starfsárinu og 5 aukamannahæfnispróf. Auk þess voru 5 ráðningaferli til viðbótar í vinnslu þetta starfsár. Á skrifstofu voru 3 ráðningarferli.

Lára Sóley Jóhannsdóttir tók við framkvæmdastjórstöðu SÍ 1. ágúst 2019. Eitt af fyrstu verkum hennar var að ræða við starfsmenn á einstaklingsfundum í samræmi við mannauðsstefnu SÍ um góð og uppbyggileg samskipti og liðsheild. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ.

Stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt. Hljómsveitin fór í tvær viðamiklar utanlandsferðir á starfsárinu og var sjúkraþjálfari með í för til þess að tryggja sem bestan aðbúnað fyrir hljóðfæraleikara þar sem stutt var á milli tónleika og mikil ferðalög.

Haldið var áfram að vinna að heyrnarvörnum og hafa flestir hljóðfæraleikarar fengið sérsníðaðar heyrnarvarnir þeim að kostnaðarlausu. Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar styrkti verkefnið að hluta.

Vinna við innleiðingu jafnlaunakerfis hófst í lok ársins 2019 og hélt sú vinna áfram fram eftir vetri. SÍ var síðan veitt vottun á jafnlaunakerfið í byrjun ágúst 2020 eftir ítarlega úttekt af iCert ehf. sem er faggilt vottunarstofa í vottunum stjórnunarkerfa og með starfsleyfi til vottunar jafnlaunakerfa frá Jafnréttisstofu. Jafnréttisstofa hefur samþykkt Jafnréttisáætlun SÍ og má sjá upplýsingar um jafnlaunavottun og markmið á vefsvæði SÍ.

Félagslífið var með hefðbundnum hætti fyrri hluta starfsárs og hófst með Sinfó-hlaupi þar sem hlaupið var til góðs í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar Hugarafli. Nokkrir hljóðfæraleikarar tóku sig saman og spiluðu fyrir hlauparana til þess að hvetja þá áfram með góðum árangri. Gengið var á Akrafjall og farið í sjóböðin á Langasandi. Haldið var áfram að gróðursetja í Sinfó-lundinum við Vífilstaðavatn. Hefðbundin starfsemi breyttist þegar aflýsa þurfti viðburðum í mars vegna COVID. Árshátíðin var þó haldin á ZOOM við góðar undirtektir og lögð áhersla á að senda starfsfólki reglulega fræðsluefni og fróðleiksmola um heilsu og vellíðan til að gera lífið léttara.

Kyngreindar upplýsingar v. starfsársins 2019/20.

Hljómsveitarstjórar

Konur: 5
Karlal: 11

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 13
Karlal: 10

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 2
Karlal: 11

Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur: 6
Karlal: 4

Listamenn sem komu fram á streymistónleikum

Konur: 15
Karlal: 20

Listamenn sem komu fram á kammertónleikum

Konur: 14
Karlal: 11

Verk flutt á tónleikum

Íslensk verk

Eftir kventónskáld: 6 verk (6 tónskáld)
Eftir karltónskáld: 30 verk (21 tónskáld)

Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 11 verk (tónskáld 11)
Eftir karltónskáld: 121 verk (tónskáld 69)

Útsetningar á tónverkum

Eftir kvenútsetjara: 1 verk (1 tónskáld)
Eftir karlútsetjara: 15 verk (4 tónskáld)

Verk flutt á streymistónleikum

Íslensk verk

Eftir kventónskáld: 5 verk (4 tónskáld)
Eftir karltónskáld: 11 verk (8 tónskáld)

Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 1 verk (1 tónskáld)
Eftir karltónskáld: 38 verk (31 tónskáld)

Kynjahlutfall starfsfólks starfsárið 2019/20

	Allir (%)	Konur (%)	Karlal (%)
Fastir hljóðfæraleikarar	94 (100%)	51 (54%)	43 (46%)
Skrifstofa	15 (100%)	11 (73%)	4 (27%)
Lausráðnir	74 (100%)	37 (50%)	37 (50%)

Miðakaupendur á tónleika SÍ samkvæmt miðasöluvef tix.is:

Konur 56%
Karlal 37%
Óþekkt 7%



6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2019/20

Hljómsveitarstjórar

Anna-Maria Helsing
Bjarni Frímánn Bjarnason
Daníel Bjarnason
Daniel Raískin
Eva Ollikainen
Han-Na Chang
Hannu Lintu
Karina Canellakis
Matthew Halls
Matthew Truscott
Maxim Emelyanychev
Michelle Merrill
Pietari Inkinen
Roderick Cox
Vadim Nikitin
Yan Pascal Tortelier

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Arngunnur Árnadóttir, klarínnett
Áshildur Haraldsdóttir, flauta
Bylgja Dís Gunnarsdóttir, söngur
Dimitri Þór Ashkenazy, klarínnett
Elmar Gilbertsson, söngur
Flemming Viðar Valmundsson,
harmóníka
Garðar Thór Cortes, söngur
Gunnar Kristinn Óskarsson, trompet
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur
Herdís Anna Jónasdóttir, söngur
Herdís Anna Jónsdóttir, langspil og
víóla
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, söngur
Jóna G. Kolbrúnardóttir, söngur
Kolbrún Völkudóttir, söngur á táknmáli
Kristín Ýr Jónsdóttir, þverflauta
Mikolaj Ólafur Frach, píanó
Páll Óskar Hjálmtýsson, söngur
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir, fiðla
Stefán Jón Bernharðsson, horn
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngur
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Andreas Borregaard, harmóníka
Augustin Hadelich, fiðla
Benjamin Beilman, fiðla
Jean-Efflam Bavouzet, píanó
Matthew Truscott, fiðla
Michelle DeYoung, einsöngvari
Nils Mönkemeyer, víóla
Olga Kern, píanó
Radovan Vlatković, horn
Stephen Hough, píanó
Yeol Eum Son, píanó

Kórar og sögumenn o.fl.

Barnakór og Kórskóli Tónlistarskóla Ísafjarðar
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Blokklautusveit Tónlistarskóla Árnesinga
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkur
Guðmundur Felixson, kynnir
Guðni Tómasson, kynnir
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir og sögumaður
Hallgrímur Orri Pétursson, Helgi Geirsson og Ísak
Trausti Ingólfsson Lehmann, einleikarar
Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar
Hljómeyki
Hörpuhópur undir stjórn Elísabetar Waage og Katie
Buckley
Litlu Sprotarnir, táknmálskór
Mótettukór Hallgrímskirkju
Pétur Ernir Svavarsson, söngvari og sögumaður
Skólakór Grunnskóla Bolungarvíkur
Skólakór Grunnskóla Öndarfjarðar
Skólakór Grunnskóla Suðureyrar
Skólakór Grunnskóla Þingeyrar
Söngsveitin Fílharmónía
St. Petersburg Festival Ballet
Stúlknakór Reykjavíkur
Trommuleikarar úr Skólahljómsveit Kópavogs
Vala Kristín Eiríksdóttir, kynnir
Valur Freyr Einarsson, sögumaður
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, söngvari og sögumaður
Þuríður Blær Jóhannsdóttir, kynnir

Listamenn sem komu fram á streymistónleikum

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Asbjörn Ibsen Bruun, horn
Áshildur Haraldsdóttir, flauta
Bergþór Pálsson, söngur
Björg Brjánsdóttir, flauta
Brjánn Ingason, fagott
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Bryndís Þórsdóttir, fagott
Einar Jónsson, trompet
Felix Urbina, dansari
Finn Schofield, klarínnett
Frank Aarnink, slagverk
Frank Hammarin, horn
Grímur Helgason, klarínnett
Hávarður Tryggvason, bassi
Herdís Anna Jónsdóttir, víóla
Ingunn Hildur Hauksdóttir, píanó
Joseph Ognibene, horn
Julia Hantschel, óbó
Justyna Bidler, fiðla
Katie Buckley, harpa
Łucja Koczot, víóla
Mathias Susaas Halvorsen, píanó
Nicola Lolli, fiðla
Nimrod Ron, túba
Páll Palomares, fiðla
Peter Tompkins, óbó
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sigurður Sveinn Þorbergsson, básúna
Steef van Oosterhout, slagverk
Stefán Jón Bernharðsson, horn
Stefano Flaibani, trompet
Steiney Sigurðardóttir, selló
Tinna Þorsteinsdóttir, píanó
Una Sveinbjarnadóttir, fiðla

Vera Panitch, fiðla
Þórarinn Már Baldursson, víóla
Þórir Jóhannsson, bassi

Listamenn sem komu fram á kammertónleikum

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Christian Diethard, fiðla
Gregory Aronovich, víóla
Guðný Jónasardóttir, selló
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla
Kristján Matthíasson, fiðla
Łucja Koczot, víóla
Margrét Þorsteinsdóttir, fiðla
Nicola Lolli, fiðla
Pálína Árnadóttir, fiðla
Páll Palomares, fiðla
Rósa Hrund Guðmundsdóttir, fiðla
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló
Sigurgeir Agnarsson, selló
Steiney Sigurðardóttir, selló
Svava Bernharðsdóttir, víóla
Una Sveinbjarnardóttir, fiðla
Vera Panitch, fiðla
Xun Yang, bassi
Zbigniew Dubik, fiðla
Þórarinn Már Baldursson, víóla
Þórunn Ósk Marínósdóttir, víóla

Listamenn sem komu fram með Ungsveitinni

Agnes Thorsteins, söngur
Alexander Jarl Þorsteinsson, söngur
Bryndís Guðjónsdóttir, söngur
Jóhann Kristinsson, söngur
Flensburgarkórinn
Graduale Nobili
Kór Flensburgarskóla
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð
Kór tónlistardeildar Listaháskóla Íslands
Söngsveitin Fílharmónía

Listamenn sem komu fram á hljóðritun með hljómsveitinni

Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Nimrod Ron, túba
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður
Pekka Kuusisto, fiðla



7. Tónleikar starfsárið 2019/20

Áskriftartónleikar

Gul tónleikaröð

19. september 2019 – Debussy og Prokofiev

- Claude Débussey: Forleikur að síðdegi skógarpúkans
- Jennifer Higdon: Fiðlukonsert
- Sergei Prokofiev: Sinfónía nr. 5
Roderick Cox, hljómsveitarstjóri
Benjamin Beilman, einleikari

24. október 2019 – Bach, Händel og Haydn

- J.S.Bach: Hljómsveitarsvíta nr. 1
- George Muffat: Passacaglia úr Sónötu nr. 5
- G.F.Händel: Concerto grosso, op. 3 nr. 2
- Maria Antonia Walpurgis: Forleikur úr Talestri
- Anna Amalia von Braunschweig-Wolfenbüttel: Entr'acte úr Erwin og Elmire
- Joseph Haydn: Sinfónía nr. 102 í B-dúr
Matthew Halls, hljómsveitarstjóri
Matthew Truscott, einleikari og gestakonsertmeistari

28. nóvember 2019 – Dimitri Þór og Sibelius

- Joseph Bologne, Chevalier de Saint-Georges: Sinfónía nr. 2 í D-dúr
- Jean Francaix: Klarínnett-konsert
- Jean Sibelius: Lemminkäinen-svíta
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Dimitri Þór Ashkenazy, einleikari

21. febrúar 2020 – Mahler og Débussey

- Lili Boulanger: D'un matin de printemps
- Gustav Mahler: Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn
 - o Wer hat dies Liedlein erdacht?
 - o Wo die schönen Trompeten blasen

- o Des Antonius von Padua fischpredigt
- o Urlicht
- o Der Schildwache Nachtlied
- Benjamin Britten: Sea Interludes
- Claude Débussey: La mer
Hannu Lintu, hljómsveitarstjóri
Michelle DeYoung, einsöngvari

Rauð tónleikaröð

12. september 2019 – Upphafstónleikar: Ravel og Sibelius

- Georges Bizet: L'Arlésienne-svíta
- Maurice Ravel: Píanó-konsert fyrir vinstri hönd
- Anna Þorvaldsdóttir: Aeriality
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 1
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Jean-Efflam Bavouzet, einleikari

10. október 2019 – Brahms og Tsjajkovskij

- Johannes Brahms: Píanó-konsert nr. 2
- Pjotr Tsjajkovskij: Sinfónía nr. 6
Han-Na Chang, hljómsveitarstjóri
Stephen Hough, einleikari

7. nóvember 2019 – Víkingur og Daníel: Á leið til Þýskalands

(endurteknir 8. nóvember)

- Edvard Grieg: Pétur Gautur, valdir þættir
- Daníel Bjarnason: Processions, píanó-konsert
- W.A.Mozart: Hornkonsert nr. 3
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 5
- Jean Sibelius: Valse triste (aukalag)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson, einleikari
Radovan Vlatkovic, einleikari

23. janúar 2020 – Inkinen stjórnar Bartók

- Anna Clyne: Masquerade
- William Walton: Víóluksert
- Béla Bartók: Konsert fyrir hljómsveit
Pietari Inkinen, hljómsveitarstjóri
Nils Mönkemeyer, einleikari

5. mars 2020 – Mahler og Sibelius – 70 ára afmælistónleikar

- Páll Ísólfsson: Úr myndabók Jónasar
Hallgrímssonar
- Jean Sibelius: Fiðlukonsert
- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 1
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Augustin Hadelich, einleikari

Græn tónleikaröð

26. september 2019 – Sæunn og Shostakovitsj

- Ludwig van Beethoven: Egmont, forleikur
- Joseph Haydn: Sellókonsert í D-dúr
- Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Karina Canellakis, hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari

5. desember 2019 – Aðventutónleikar: Meistarar barokksins

- J.S.Bach: Hljómsveitarsvíta nr. 4
- Georg Philipp Telemann: Alster-svíta
- Jean-Baptiste Lully: Le bourgeois gentilhomme,
svíta
- Jean-Philippe Rameau: Forleikur og Chaconne úr
Les Indes galantes
Maxim Emelyanychev, hljómsveitarstjóri

9. janúar 2020 – Vínartónleikar 2020

(endurteknir 10. janúar kl. 19:30 og 11. janúar kl.
16:00 og kl. 19:30)

- Johann Strauss yngri: Leðurblakan, forleikur

- Johann Strauss yngri: Unter Donner und Blitz
- Franz Lehár: Meine Lippen, sie küssen so heiss
- Franz Lehár: Dein ist mein ganzes Herz
- Mélanie Helène Bonis: Les Gitanos (Valse
espagnole)
- Carl Zeller: Schenkt man sich Rosen in Tirol
- Johann Strauss yngri: Keisaravalsinn
- Pjotr Tsjajkovskíj: Vals úr Evgeny Onegín
- Rudolf Siczynski: Wien, du Stadt meiner
Träume
- Nico Dostal: Spiel mir das Lied von Glück und
Treu
- Amy Beach: Bal masqué
- Johann Strauss yngri: Wer uns getraut
- Johann Strauss yngri: An der schönen blauen
Donau
- Franz Lehár: Lippen schweigen
- Johann Strauss: Radetzky-mars
Bjarni Frímánn Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Jóna G. Kolbrúnardóttir og Garðar Thór Cortes,
söngvarar

12. mars 2020 – Rússnesk veisla

- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 3
- Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía,
fantasíuforleikur
- Ígor Stravinskíj: Eldfuglinn, svíta
Bjarni Frímánn Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Olga Kern, einleikari

Föstudagsröðin

17. janúar 2020 – Rakmanínov og Guibadulina

- Sergej Rakhmanínov: Trio élégiaque nr. 1
- Sofia Gubaidulina: Píanókvintett
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Nicola Lolli, fiðla
Páll Palomares, fiðla
Gregory Aronovich, víóla

Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Sigurgeir Agnarsson, selló
Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

Litli tónsprotinn

5. október 2019 – Tímaflakk í tónheimum

- Claudio Monteverdi: Inngangur að Orfeo
- Jean-Baptiste Lully: Mars úr Thesée
- J.S. Bach: Badinerie
- Franz Joseph Haydn: 2. kafli úr Óvæntu sínfóníunni
- W.A. Mozart: Forleikur að Töfraflautunni
- Ludwig van Beethoven: Óðurinn til gleðinnar, brot
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson: Lofsöngur
- Mélanie Hélène Bonis: Spænskur vals
- Jón Leifs: Dýravisur
- John Williams: Raiders of the Lost Ark
- Thea Musgrave: Loch Ness – Póstkort frá Skotlandi
- Lára Rún Eggertsdóttir: Jú víst!
Michelle Merrill, hljómsveitarstjóri
Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Guðmundur Felixson, kynnar
Áshildur Haraldsdóttir, einleikari
Herdís Anna Jónsdóttir, einleikari

14. desember 2019 kl. 14 – Jólatónleikar

(endurteknir 14. desember kl. 16:00 og 15. desember kl. 14:00 og 16:00)

- Leroy Anderson: Jólaforleikur
- J.S. Bach: Ó Jesúbarn blítt (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franskt þjóðlag: Hringi klukkurnar í kvöld (úts. Haraldur V. Sveinbjörnsson)
- Íslenskt þjóðlag: Hátíð fer að höndum ein (úts. HVS)
- Katherine Davis: Litli trommuleikarinn (úts. HVS)
- Jórunn Viðar: Það á að gefa börnum brauð
- William Kirkpatrick: Þá nýfæddur Jesús (úts.

Veronique Vaka)

- Émile Waldteufel: Skautavalsinn
- Artie Wayne, George Clinton: Einmana á jólanótt (úts. HOE)
- Franz Gruber: Heims um ból (úts. HOE)
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, Unnsteinn
Manuel Stefánsson og Kolbrún Völkudóttir, einsöngvarar
Hallgrímur Orri Pétursson, Helgi Geirsson og Ísak Trausti Ingólfsson Lehmann, einleikarar
Eyrún Helga Aradóttir, táknmálstúlkur
Stúlknakór Reykjavíkur
Dansarar úr Listdansskóla Íslands
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbær
Hörpuhópur undir Elisabet Waage og Katie Buckley
Blokklautusveit Tónlistarskóla Árnesinga
Litlu Sprotarnir, táknmálskór

Ýmsir tónleikar

24. ágúst kl. 15:00 2019 – Menningarnótt:

Fjölskyldutónleikar

- Hallfríður Ólafsdóttir: Maxímús Músíkús
heimsækir hljómsveitina
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson, sögurmaður

24. ágúst kl. 17:00 2019 – Menningarnótt: Klassíski hlaupalagalistinn

- John Williams: Olympic Fanfare
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 5
- Leonard Bernstein: Mambo
- J.S. Bach: Brandenburgarkonsert nr. 3, 1. kafli
- Ethel Smyth: Serenade í D-dúr, 3. kafli
- Nikolai Rimsky-Korsakov: Býflugan
- Gioachino Rossini: William Tell forleikur
- Vangelis: Chariots of fire

- Justin Timberlake: Can't stop the feeling
- Bragi Valdimar Skúlason: Gordjöss
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir
Páll Óskar Hjalmtýsson, söngur

30. ágúst 2019 – Klassíkin okkar: Tónlistarsagan þín

- Sergei Prokofiev: Montag og Kapúlett, úr Rómeó og Júlía
- Giacomo Puccini: Un bel di vedremo
- Giacomo Puccini: Che gelida manina
- Johannes Brahms: Wie lieblich sind deine Wohnungen, úr Ein deutsches Requiem
- Edward Elgar: Nimrod úr Enigma-tilbrigðunum
- W.A.Mozart: Úr Requiem (Introitus, Kyrie, Dies irae, Lacrimosa)
- Johann Pachelbel: Kanon í D
- W.A.Mozart: Klarínettkonsert, 2. kafli
- G.F.Händel: Hallelúja úr Messíasi
- Samuel Barber: Adagio fyrir strengi
- John Williams: Þema úr Schindler's List
- John Adams: Short ride in a fast machine
- Pjotr Tsjaikovskíj: Sinfónía nr. 4, 4. kafli
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir, einleikarar
Elmar Gilbertsson, Hallveig Rúnarsdóttir, einsöngvarar
Halla Oddný Magnúsdóttir, Guðni Tómasson, kynnar
Hljómeyki
Mótettukór Hallgrímskirkju
Söngsveitin Fílharmónía

3. september 2019 – Landshorna á milli:

Reykjanesbær

- Edvard Grieg: Pétur Gautur, valdir þættir
- W.A.Mozart: Hornkonsert nr. 3

- Sigfús Einarsson: Draumalandið
- Sigvaldi S. Kaldalóns: Ave María
- Antonín Dvořák: Söngur mánans úr Rusalka
- Giacomo Puccini: Vissi d'arte úr Tosca
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 5
- Sigvaldi S. Kaldalóns: Á Sprengisandi
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson, einleikari
Bylgja Dís Gunnarsdóttir, einsöngvari

5. september 2019 – Landshorna á milli: Ísafjörður

- Edvard Grieg: Pétur Gautur, valdir þættir
- W.A.Mozart: Hornkonsert nr. 3
- Frédéric Chopin: Píanókonsert nr. 2, 3. kafli
- Páll Ísólfsón: Úr útsæ rísa Íslands fjöll
- Sigfús Einarsson: Draumalandið
- Sigvaldi S. Kaldalóns: Ave María
- Antonín Dvořák: Söngur mánans úr Rusalka
- Giacomo Puccini: Quando me'n vo úr La Bohème
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 5
- Sigvaldi S. Kaldalóns: Á Sprengisandi
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson, Mikolaj Ólafur Frach, einleikarar
Herdís Anna Jónasdóttir, einsöngvari
Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar

14. september 2019 – Barnastund

- Luigi Boccherini: Menúett
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 5
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti
- Jón Leifs: Dýravísur
- Arthur Freed/Nacio Herb Brown: Singin' in the Rain
- Guðni Franzson: Hlúnkedíbúnk
- Edvard Grieg: Tröllamars
- Atli K. Petersen: Ólafur riddararós

18. október 2019 – Barokk í Norðurljósum

- Henry Purcell: Curtain Tune úr Timon of Athens
- Arcangelo Corelli: Concerto Grosso op. 6 nr. 1
- Henry Purcell: Fantasia Upon One Note
- G.F.Händel: Concerto Grosso op. 6 nr. 7
Matthew Truscott, hljómsveitarstjóri

31. október 2019 – Hádegistónleikar

- Anna Þorvaldsdóttir: Aeriality
- Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri

21. nóvember 2019 – Svanavatnið

(endurtekið 22. og 23. nóvember)

- Pjotr Tsjajkovskíj: Svanavatnið
Vadim Nikitin, hljómsveitarstjóri
St. Petersburg Festival Ballet

16. janúar 2020 – Ungir einleikarar

- Jacques Ibert: Flautukonsert
- Max Bruch: Fiðlukonsert
- Arne Nordheim: Spur
- Alexander Arutiunian: Trompetkonsert
Anna-Maria Helsing, hljómsveitarstjóri
Kristín Ýr Jónsdóttir, þverflauta
Sólveig Vaka Eypórsdóttir, fiðla
Flemming Viðar Valmundsson, harmóníka
Gunnar Kristinn Óskarsson, trompet

30. janúar 2020 – Sinfónían á Myrkum músíkdögum

- Atli Heimir Sveinsson: Hjakk
- Snorri Sigfús Birgisson: Konsert fyrir hljómsveit
- Missy Mazzoli: Sinfonia (for Orbiting Sphere)
- Bára Gísladóttir: ÓS
- Hugi Guðmundsson: Box, harmóníkukonsert
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Andreas Borregaard, harmóníka

31. janúar 2020 – Yrkja V

- Eygló Höskuldsdóttir Viborg: Lo and Behold
- Sigurður Árni Jónsson: Illusion of Explanatory Depth
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Anna Þorvaldsdóttir, leiðbeinandi
Elísabet Indra Ragnarsdóttir, kynnir

7. mars 2020 – Barnastund

- Antonio Vivaldi: Vorið, 1. kafli
- Atli Heimir Sveinsson: Kvæðið um fuglana
- Atli Heimir Sveinsson: Intermezzo úr Dimmalimm
- Pjotr Tsjajkovskíj: Dans Svananna úr Svanavatninu
- Ingi T. Lárusson/Jón Þórarinsson: Ó blessuð vertu sumarsól
- Vittorio Monti: Csardas
- John W. Bratton: Lautarferð bangsanna (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Julius Fucik: Mars skylmingarmeistaranna
Vala Kristín Eiríksdóttir, kynnir

20. maí 2020 – Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hallveig á RÚV

- W.A.Mozart: Sinfónía nr. 29, 1. kafli
- W.A.Mozart: Dove Sono úr Figaró
- W.A.Mozart: L'amero saro Costante úr Il Re Pastore
- W.A.Mozart: Non mi dir úr Don Giovanni
- Jules Massenet: Meditation úr Thaïs
- Sigfús Einarsson: Draumalandið
- Jón Nordal: Hvert örstutt spor
- Sigfús Einarsson: Gígjan
- Sigvaldi S. Kaldalóns: Á Sprengisandi
Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Hallveig Rúnarsdóttir, einsöngvari
Sigrún Eðvaldsdóttir, einleikari

28. maí 2020 – Páll Óskar og Sinfó á RÚV

- Þórir Baldursson: Forleikur
- Boudleaux Bryant: Söngur um lífið (úts. Þórir Baldursson (ÞB))



- Örlygur Smári: Betra líf (úts. Haraldur V. Sveinbjörnsson (HVS))
- J.S.Bach: Góða nótt (úts. HVS)
- Örlygur Smári: Allt fyrir ástina (úts. Samúel Jón Samúelsson)
- Hjaltalín: Þú komst við hjartað í mér (úts. ÞB)
- Gunnar Þórðarson: Ljúfa líf (úts. ÞB)
- Jerry Herman: Ég er eins og ég er (úts. ÞB)
- Justin Timberlake: Can't stop the feeling (úts. HVS)
- Bragi Valdimar Skúlason: Gordjöss (úts. HVS)
Bjarni Frímenn Bjarnason, hljómsveitarstjóri
